

Stjórnarfundur í Oddafélaginu var haldinn í safnaðarheimilinu í Oddasóknar á Hellu miðvikudag 18. mars 2010, kl. 15:15.

Á fundinum voru sr. Guðbjörg Arnardóttir, Sigrún Ólafsdóttir Þór Jakobsson, Drífa Hjartardóttir og Friðrik Friðriksson.

1. Formaður ræddi um atriði er varðar aðalfund sem verður seinna sama dag.
2. Oddastefna verður fimmtudaginn 28. maí 2015 í Gunnarsholti. Verður Sveinn Runólfsson í upphafi ráðstefnunnar gerður að heiðursfélaga og mun hann einnig halda erindi um sín störf hjá Landgræðslunni. Einnig var farið yfir hvaða önnur erindi gætu átt heima á stefnunni, m.a. erindi um aðalskipulag í Rangárþingi möglega Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri og Guðbjörg Arnardóttir um skipulag í Odda. Einnig var nefnt erindi um Suðurströndina og Landeyjahöfn og jafnvel að fá fulltrúa frá Siglingamálastofnun. Var formanni falið að hafa samband við mögulega talsmenn. Mun Drífa Hjartardóttir vera ráðstefnustjóri.
3. Oddafélagið verður 25 ára 1. desember 2015, var velt fyrir sér hvað hægt væri að gera í tilefni af afmælinu og mun stjórn íhuga það áfram.
4. Föstudaginn 20. mars vorjafndægur verður Sæmunarstund við Háskóla Íslands kl. 12:00.
5. Formaður greindi frá því að hafa hitt Oddfellowfélaga í stúkunni Sæmundi fróða. Komu þeir í Odda og var formaður með erindi fyrir þá. Voru þeir áhugasamir um félagið.

---

Guðbjörg Arnardóttir, fundarritari.